

2011 nr. 140 28. september

Lög um Þjóðminjasafn Íslands

Tóku gildi 1. janúar 2013. Breytt með: L. 21/2012 (tóku gildi 16. mars 2012). L. 57/2013 (tóku gildi 12. apríl 2013). L. 50/2023 (tóku gildi 28. júní 2023).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **menningar- og viðskiptaráðherra** eða **menningar- og viðskiptaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Stjórnarsýsla.

■ 1. gr. Höfuðsafn.

□ Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins og fer [ráðherra]¹⁾ með yfirstjórn þess. Safnið er höfuðsafn á sviði menningarminja.

□ [Þjóðminjasafnið er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag.]²⁾

□ Kostnaður af rekstri Þjóðminjasafnsins greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

¹⁾ L. 21/2012, 4. gr. ²⁾ L. 57/2013, 1. gr.

■ 2. gr. Skipulag og yfirstjórn.

□ Ráðherra skipar forstöðumann Þjóðminjasafns Íslands, þjóðminjavörð, til fimm ára í senn. [Viðkomandi skal hafa háskólamenntun og góða þekkingu á starfssviði safnsins. Endurnýja má skipun forstöðumanns einu sinni til næstu fimm ára.]¹⁾

□ Forstöðumaður Þjóðminjasafns Íslands, þjóðminjavörður, stjórnar starfsemi og rekstri safnsins. Hann ræður [starfsfólk]¹⁾ og er í fyrrisvari fyrir safnið.

¹⁾ L. 50/2023, 2. gr.

II. kafli. Hlutverk og starfsemi.

■ 3. gr. Hlutverk.

□ Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands er að stuðla sem best að varðveislu íslenskra menningarminja og miðla sögu þjóðarinnar.

□ Hlutverk sitt rækir safnið einkum með því að:

a. safna, skrá og varðveita menningar- og þjóðminjar,

b. taka við og varðveita fornminni, sýni og önnur rannsóknargögn úr fornleifarannsóknum,

c. rannsaka og annast kynningu á menningarminjum með sýningum, útgáfu á fræðilegum ritum og annarri fræðslustarfsemi til að veita sem víðtækasta sýn á íslenska sögu og setja hana í alþjóðlegt samhengi,

d. miðla þekkingu um íslenska menningu til skóla, fjölmiðla og almennings,

e. annast minjavörslu í nánú samstarfi við Minjastofnun Íslands og eiga í samstarfi við önnur höfuðsöfn,

f. móta stefnu um söfnun, skráningu, rannsóknir og miðlun menningar- og þjóðminja,

g. stuðla að samvinnu menningarminjasafna,

h. veita öðrum menningarminjasöfnum ráðgjöf,

i. halda skrá yfir lausamuni í einkaeigu er teljast til þjóðarverðmæta,

j. annast önnur verkefni samkvæmt ákvörðun ráðherra.

□ [Stofnunin á samstarf við aðrar stofnanir á háskólastigi samkvæmt sérstökum samningum.

□ Samstarf Þjóðminjasafns Íslands og Háskóla Íslands skal byggjast á sérstökum samstarfs- og þjónustusamningi um starfstengsl, fjárhagsleg samskipti og skipan sameiginlegra starfa.

□ Safninu er heimilt að veita öðrum háskólum landsins

þjónustu eftir því sem nánar er ákveðið í gagnkvæmum þjónustusamningum við einstaka háskóla.]¹⁾

¹⁾ L. 57/2013, 2. gr.

■ [3. gr. a. Rannsóknarstaða tengd nafni dr. Kristjáns Eldjárns.

□ Við Þjóðminjasafn Íslands skal vera sérstök rannsóknarstaða kennd við dr. Kristján Eldjárn.]¹⁾

¹⁾ L. 57/2013, 3. gr.

■ 4. gr. Gjaldtökuheimild.

□ Þjóðminjasafni Íslands er heimilt að taka aðgangseyri. Þá er safninu heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sína, svo sem lán á munum, ljósmyndun muna, afrit af ljósmyndum, sérunnar munaskrár og úttak tölvugagna, sérfræðilega heimildaðþjónustu, fjölföldun og hvers konar aðra þjónustu til að standa strauum af kostnaði. Safnið setur gjaldskrá um framangreinda gjaldtöku.

■ 5. gr. Varðveisla og lán safngripa.

□ Þjóðminjasafni Íslands er heimilt að fela viðurkenndu safni varðveislu gripa sem því eru afhentir.

□ Safninu er heimilt að fela öðrum stofnunum á sviði minjavörslu eftirlit með minjum sem eru hluti af safnkosti þess.

□ Safninu er einnig heimilt að lána viðurkenndum söfnum eða öðrum stofnunum safngripa tímabundið á sýningar eða til rannsókna.

□ Öll lán á safngripum þurfa að uppfylla skilyrði Þjóðminjasafns Íslands um útlán safngripa.

III. kafli. Kirkjugripir.

■ 6. gr. Friðun kirkjugripa.

□ Þjóðminjasafn Íslands ákveður, að höfðu samráði við biskup Íslands eða forstöðumenn trúfélaga, friðun kirkjugripa sem varðveittir eru í kirkjum landsins og taldir eru friðunarverðir vegna sögulegs eða listræns gildis.

□ Safnið skal halda skrá yfir friðaða kirkjugripa og láta biskupsstofu, forstöðumanni víðeigandi trúfélags og hlutaðeigandi kirkju í té upplýsingar úr skránni.

■ 7. gr. Friðaðir kirkjugripir.

□ Friðaðir kirkjugripir skv. 6. gr. eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur flytja þá frá kirkju nema með leyfi Þjóðminjasafns Íslands.

□ Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugripa og skal Þjóðminjasafn Íslands vera þeim innan handar með nauðsynlegar öryggisráðstafanir.

■ 8. gr. Aflagðir, friðaðir kirkjugripir.

□ Þjóðminjasafn Íslands varðveitir aflagða, friðaða kirkjugripa og þá gripa sem safnið og forráðamenn kirkna eru samþála um að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur.

□ Þjóðminjasafni Íslands er heimilt að fela viðurkenndu safni varðveislu aflagðra, friðaðra kirkjugripa.

■ 9. gr. Kirkjugripir í einkaeign.

□ Þjóðminjasafn Íslands skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign ef seldir verða.

IV. kafli. Önnur ákvæði.

■ 10. gr. Setning reglugerða.

□ Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

■ 11. gr. Gildistaka.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2013. . . .

■ Ákvæði til bráðabirgða.

□ Fram til 1. janúar 2013 er ráðherra heimilt að undirbúa gildistöku laganna.